

Mál nr. 1

Knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Þórs, Akureyri gegn Knattspyrnudeild KA, Akureyri

Kæra Þórs

Knattspyrnudeild Þórs kærir leik Þórs og KA í mfl.karla sem leikinn var þriðjudaginn 17/9, vegna tveggja leikmanna KA sem við teljum ólöglega. Þeir eru Jóhann Arnarson og Helgi Níelsson. Jóhann lék með Magna í 4.deildinni í sumar og Helgi með SM. Farið er fram á að leikurinn verði dæmdur KA tapaður.

F.h. knattspyrnudeildar Þórs.
Jón Viðar Brynjólfsson

Úrskurður Héraðsdómstóls Íþróttabandalags Akureyrar

Ár 1996, þriðjudaginn 1.október er Héraðsdómstóll Í.B.A. settur að Brekkugötu 4, Akureyri af Árna Pálssyni, Páli Jónssyni og Jóhannesi Bjarnasyni.

Fyrir er tekið.

Mál nr. 1/1996:

Íþróttafélagið Þór

gegn

Knattspyrnufélagi Akureyrar.

Var nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi dómur

Dómurinn telur með vísan til b. liðar 5.gr. Dóms og refsíákvæða Í.S.Í sbr. 4.1. í reglugerð K.S.Í um knattspyrnumót, að málið eigi undir Knattspyrnudómstól Norðurlands eystra, sbr. f.lið 4.1. í reglugerð K.S.Í.

Dómsorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Dómsorðið er lesið upp í réttinum að aðilum fjarstöddum.

Rétti slitið.
Árni Pálsson.
Páll H. Jónsson.
Jóhannes Bjarnason.

Úrskurður Knattspyrnudómstóls Norðurlands eystra

Ár 1996, fimmtudaginn 17.október er dómþing Knattspyrnudómstóls Norðurlands eystra sett að Hafnarstræti 107, Akureyri og haldið af Ólafi Ólafssyni, Birni Friðþjófssyni og Ingólfi Freyssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/1996:

Íþróttafélagið Þór

gegn

Knattspyrnufélagi Akureyrar.

Lagt er fram:

Nr. I Kæra Íþróttafélagsins Þórs dags.18.09.1996, ljósrít.

Nr. II Leikskýrsla v/knattspyrnuleiks KA og Þórs.

Nr. III Símbref KSÍ v/félagaskipta.

Nr. IV Símbref Héraðsdómstóls ÍBA, dags.25.09.1996.

Nr. V Endurrit úr dóma og þingbók Héraðsdómstóls ÍBA.

Nr. VI Bref Knattspyrnudómstóls Norðurlands eystra dags. 15.10.1996.

Nr. VII Greinagerð Þórs mótt. 17.10.1996.

Nr. VIII Greinagerð KA mótt.17.10.1996.

Svohljóðandi: #

Dómskjöl nr. 1-V bærust forseta dómstólsins, Ólafi Ólafssyni, í pósti frá skrifstofu KSÍ, án formlegs bréfs, þann 14.október sl.

Í máli þessu er nú kveðinn upp svofelldur úrskurður

Forseti dómstólsins, Ólafur Ólafsson, sem er löglærður, hefur mörg undanfarin ár gengt allnokkrum trúnaðarstörfum fyrir Knattspyrnufélag Akureyrar (KA), þ.á.m. setið í stjórn knattspyrnudeildar og aðalstjórn félagsins. Þá er hann nú í laganefnd félagsins.

Að framangreindu virtu og með hliðsjón af almennum traustsjónarmiðum um óhlutdrægni dómara þykir rétt að dómsforseti víki sæti í málinu.

Úrskurðarorð

Forseti dómstólsins Ólafur Ólafsson, víkur sæti í málinu.

Ólafur Ólafsson.

Með vísan til ofanritaðs og þar sem að varamaðurinn Arnar Sigfússon, lögfræðingur er trúnaðarmaður í Knattspyrnufélagi Akureyrar, sbr. og 3 t.l. 4. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, verða öll gögn málsins send Knattspyrnusambandi Íslands þannig að unnt verði að setja nýjan aðila sem dómsforseta.

Fleira ekki gjört.

Dómsþingi slitið.

Ólafur Ólafsson

Björn Friðþjófsson

Ingólfur Freysson

Úrskurður í kærumáli Íþróttafélagsins Þórs gegn Knattspyrnufélagi Akureyrar

Ár 1997, miðvikudaginn 16. apríl er dómþing Knattspyrnudómstóls Norðurlands Eystra sett að Hafnargötu 107, Akureyri og haldið þar af Halldóri Halldórssyni, Birni Friðþjófssyni og Ingólfi Freyssyni.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 1/1996.
Íþróttafélagið Þór
gegn
Knattspyrnufélagi Akureyrar.

Skjöl málsins nr. I-VIII eru til staðar í dóminum. Þá liggur frammi fyrri úrskurður í málinu. Halldór Halldórsson, var skipaður í Knattspyrnudómstól Norðurlands Eystra með bréfi dags. 25. október 1996 og er það lagt fram sem skjal nr. IX. Nr.X er lagt fram símbréf Þórs til KSÍ. Dómari kynnti aðilum símleiðis um þinghaldið. Af hálfu aðila er þing ekki sótt.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur úrskurður.

Málavextir

Með bréfi dags. 18.sept. 1996, kærði knattspyrnudeild Þórs leik sinn gegn KA, sem leikinn var 17. sept. í Akureyrarmótinu, meistaraflokki. Ástæða kærunnar var sú að mati Þórs voru tveir leikmenn KA ólöglegir.

Þór telur Jóhann Arnarsson hafa leikið með Magna og Helga Níelsson hafa leikið með SM, fyrir á keppnistímabilinu og að þeir hafi ekki skipt um félag yfir í KA.

Knattspyrnudeild Þórs krefst þess að leikurinn sem endaði 10-9 fyrir KA, verði dæmdur KA tapður.

Af hálfu KA er þess krafist, að málinu verði vísað frá dómi. Á því er byggt að kærinni hafi ekki verið beint til rétttra aðila áður en kærufrestur leið. Samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót beri að kæra mál sem þetta til KSÍ.

Niðurstaða

Af gögnum málsins er ljóst að leikmenn KA sem að framan eru nefndir voru ekki skráðir í KA á þeim tíma sem leikurinn fór fram.

Fyrir liggur að kæru vegna leiksins var strax næsta dag beit til dómstóls Knattspyrnuráð Akureyrar. Knattspyrnuráð Akureyrar virðist hafa vísað málinu til Héraðsdómstóls ÍBA. Héraðsdómstóll ÍBA tók málið fyrir fyrsta október 1996.

Niðurstaða dómsins var sú, að málið ætti undir Knattspyrnudómstól Norðurlands eystra og vísaði málinu af þeim sökum frá dómi.

Í málinu eru engin gögn sem benda til þess að Knattspyrnudeild Þórs hafi beint kæru til KSÍ, fyrir en í fyrsta lagi með símbréfi þann 8.október 1996, en þá var niðustaða dómstóls ÍBA send KSÍ.

Í grein 4.2. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er skýrlega tekið fram að allar kærur skuli hafa borist framkvæmdaraðila og skrifstofu KSÍ innan 7 daga frá leikdegi.

Eins og að framan er getið var málið ekki kært fyrir en þann 8.október 1996 og því var 7 daga kærufrestur löngu liðinn. Verður málinu því þegar af þeirri ástæðu vísað frá dómi.

Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Dómþingi slitið.
Halldór Halldórsson (sign)
Ingólfur Freysson (sign)
Björn Friðbjólfsson (sign)

Rétt endurrit staðfestir 17.apríl 1997. Halldór Halldórsson.